

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mál.d.	18.11.2015
Málalykill	00.43
Mál.nr.	1511253

Reykjavík, nóvember 2015

Bæjarskrifstofur Garðabæjar,
b.t. félagsmálastjóra,
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ

Umsókn um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfsins fyrir árið 2016

Fyrst og fremst viljum við, fyrir hönd kvenna og barna sem hafa dvalið hér í Kvennaathvarfinu og/eða sótt hingað stuðning og ráðgjöf, þakka kærlega fyrir stuðning og velvild sem þið hafið sýnt síðustu ár. Ykkar framlag hefur hjálpað okkur að aðstoða fjölda kvenna og barna.

Kvennaathvarfið er sem fyrr skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Hér er einnig boðið uppá viðtöl þar sem konur sem beittar hafa verið ofbeldi á heimilum er veittur stuðningur og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Kvennaathvarfið er líka neyðarathvarf fyrir konur sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals.

Þá er hér veitt símaráðgjöf allan sólarhringinn og boðið uppá sjálfshjálparhópa þar sem nokkrar konur hittast reglulega undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins. Ennfremur er staðið fyrir öflugum forvarnarstarfi og fræðslu um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis m.a. fyrir skólafólk, fagfólk, félagasamtök sem og fyrir ættingja og aðra ástvini kvenna og barna sem hingað hafa leitað.

Til að geta haldið áfram að styðja vel við bakið á þeim sem hingað leita óskum við eftir að Kvennaathvarfinu verði veittur rekstrarstyrkur fyrir komandi starfsár að fjárhæð **kr.550.000,-**

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2016. Ársskýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins (kvennaathvarf.is)

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er undirrituð reiðubúin að veita þær.

Með góðri kveðju,

F.h. Samtaka um kvennaathvarf,
Margrét Marteinsdóttir, rekstrarstýra

Samtök um kvennaathvarf**Fjárhagsáætlun fyrir 2016****Gjöld:****1. Launakostnaður**

Laun, stjórnarlaun, launatengd gjöld	76.000.000
--------------------------------------	------------

2. Almenn rekstrargjöld

Rekstur athvarfs og skrifstofu	9.500.000	
Ráðstefnu- og menntunarkostnaður	2.000.000	
Rekstur fasteignar/endurbætur	2.200.000	
Samtals:		13.700.000

Gjöld samtals:	89.700.000
-----------------------	-------------------

Tekjur:**1. Ríki og sveitarfélög**

Félagsmálaráðuneyti	68.100.000	
Reykjavíkurborg	12.500.000	
Önnur sveitarfélög	3.000.000	
Samtals:		83.600.000

2. Aðrar tekjur:

Átæluð daggjöld	250.000	
Átæluð árgjöld	600.000	
Aðrar tekjur	6.000.000	
Samtals		6.850.000

Tekjur samtals:	90.450.000
------------------------	-------------------

Mismunur	750.000
-----------------	----------------